



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 15. maí 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 371. fundur sveitarstjórnar, 6. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 5 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Rannveig E. Bjarnadóttir boðaði forföll í hennar stað mætir Bjarki V. Guðnason varamaður L-lista.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. Fundargerð 90. fundar Héraðsnefndar V.Skaftafellssýslu.

9. Tillaga Fræðslunetsins og Háskólafélagsins um eflingu þekkingarstarfsemi og menntaþjónustu í Vestur- Skaftafellssýslu.

10. Boð á aðalfund Háskólafélags Suðurlands, 26. maí n.k.

11. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir áningastað í Eldhrauni.

12. Tilnefning varafulltrúa í kjörstjórn Skaftárhrepps.

III. Fundargerðir til kynningar

7. 479. fundur stjórnar SASS, 13. maí 2014.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Ársreikningur Skaftárhrepps 2013 – seinni umræða.

Ársreikningurinn var til fyrri umræðu 30.apríl 2014, undirritaður af sveitarstjóra.

Í A- hluta rekstrarreiknings kemur fram að heildartekjur voru 384,5 mkr. þar af 206,5 mkr. skatttekjur, 104,9 mkr. úr Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur 73 mkr. Rekstrargjöld voru 339,6 mkr. með afskriftum. Afskriftir í A hluta voru 11,2 mkr. Heildartekjur samstæðu voru 399 mkr. rekstrargjöld 338,8 mkr. þar af 14,1 mkr. í afskriftir. Fjármagnsgjöld voru 20,8 mkr. og rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 39,4 mkr.

Niðurstaða efnahagsreiknings sýnir eignir samstæðu samtals 560,5 mkr, skuldir og skuldbindingar eru samtals 292,2 mkr. Eigið fé samtals 268,4 mkr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 62,2 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 20 mkr. Afborganir langtímalána námu 15 mkr. Engin ný lán voru tekin á árinu.



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2013 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

2. Uppgjör vegna málefna fatlaðs fólks, 2012 og 2013.
Samkvæmt skýrslu frá fjármálastjóra þjónustusvæðis Suðurlands hafa greiðsluáætlanir vegna 2012 og 2013 verið of lágar. Hjá Skaftárhreppi eru eftir kr. 474.102.
Sveitarstjórn samþykkir að fjárhæðin verði lögð inn hjá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu sem heldur utanum málaflokk fatlaðs fólks á okkar svæði.
3. Erindi frá SASS um fuglaskoðunarsvæði.
Markmið verkefnisins er að til verði samræmdar upplýsingar um fuglaskoðunarsvæði, sem nota megi til kynningar opinberlega s.s. með kortaútgáfu ofl.
*Sveitarstjórn lýsir ánægju með verkefnið og gerir engar athugasemdir við svæðalýsingar innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnið verði með landeigendum að staðsetningum og gerð kynninga á svæðunum.
Sveitarstjóra falið að hafa samband við bréfitara og þiggja nánari kynningu á verkefninu.*
4. Erindi frá Vélhjólaiþróttaklúbbnum, um leyfi til að halda akstursíþróttakeppni.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða keppni.
5. Tilnefning fulltrúa á aðalfund Eldvilja ehf.
Þorsteinn M. Kristinsson fer á fundinn fyrir hönd Skaftárhrepps.
6. Kaup Skaftárhrepps á 5% hlut í jörðinni Kirkjubæjarklaustur.
Fyrir liggja drög að afsali vegna kaupa Skaftárhrepps á 5% hlut Braga Gunnarssonar og Eddu Gunnarsdóttur í jörðinni Kirkjubæjarklaustur.
*Kaupverð 5% hlutar Braga og Eddu er kr. 17.000.000 (sautjánmilljónir) og greiðast með handbæru fé.
Einnig liggja fyrir drög að viljayfirlýsingu á þeim hluta jarðarinnar sem Skaftárhreppur verði skilgreindur eigandi að eftir að lokaskipti á jörðinni fara fram í framhaldi af kaupum þessum.
Skaftárhreppur verður skilgreindur eignaraðili lóðar að Iðjuvöllum 1 og liggja fyrir drög að sölu þeirrar lóðar uppá kr. 7.000.000 (sjömilljónir).
Lárus Siggeirsson og Ólöf Benediktsdóttir og Sverrir Gíslason og Fanney Ólöf Lárusdóttir hafa skuldbundið sig til að taka þátt í kostnaði við skiptingu jarðarinnar kr. 4.625.000 (fjórarmilljónirsexhundraðtuttuguogfimmþúsund).*

Sverrir Gíslason lýsir vanhæfi sínu og víkur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að gengið verði frá kaupum þessum á 5% hlut í jörðinni Kirkjubæjarklaustur og felur oddvita að ganga frá þeim fyrir hönd Skaftárhrepps.



Skaftárhreppur

Jafnframt er oddvita falið að ganga frá lokaskiptum jarðarinnar fyrir hönd Skaftárhrepps í samræmi við viljayfirlýsinguna sem fyrir liggur.

Sverrir kemur aftur inn á fundinn.

7. Kjörskrá vegna sveitarstjórnakosninga 31. maí 2014.
Sveitarstjórn yfirfer kjörskrá og staðfestir að hún sé rétt. Oddviti staðfestir það með undirritun sinni. Á kjörskrá eru 366 manns.
8. Fundargerð 90. fundar Héraðsnefndar V.Skaftafellssýslu.
2. liður fundargerðarinnar fjallar um samantekt á kostnaði við deiliskipulagsvinnu í Skógum 2012 – 2014 samtals kr. 5.803.249.-. Hlutdeild Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu er kr. 2.901.624.-.
Sveitarstjórn tekur undir með Héraðsnefnd að kostnaður vegna deiliskipulagsvinnunnar sé hár. Nauðsynlegt sé að gerðir verði lóðarleigusamningar í Skógum og að innheimt verði lóðarleiga sem renna muni til héraðsnefndanna.
9. Tillaga Fræðslunetsins og Háskólafélagsins um eflingu þekkingarstarfsemi og menntaþjónustu í Vestur- Skaftafellssýslu.
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélag Suðurlands – Þekkingarnet á Suðurlandi hafa gert það að tillögu sinni við ráðuneyti menntamála og byggðamála að komið verði á fót skilgreindum þekkingarsetrum á Kirkjubæjarklaustri og í Vík til viðbótar við Þekkingarsetrið í Nýheimum á Höfn sem stofnað var 2013. Þessi þekkingarsetur verði um leið hluti af þjónustuneti Fræðslunetsins og Háskólafélagsins á Suðurlandi. Þannig verði dregið úr því ójafnvægi sem nú ríkir milli landshluta hvað varðar fjárveitingar til framhaldsfræðslu og háskólaþjónustu og þar með þjónustu við almenning í héraðinu.
Sveitarstjórn fagnar tillögunni og felur oddvita að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins.
10. Boð á aðalfund Háskólafélags Suðurlands, 26. maí n.k.
Sveitarstjóri mun sitja fundinn fyrir hönd Skaftárhrepps.
11. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir áningastað í Eldhrauni.
Skaftárhreppur sækir um framkvæmdaleyfi vegna áningarstaðar í Eldhrauni skv. samþykktu deiliskipulagi.
Sveitarstjórn samþykkir leyfið og felur fulltrúa skipulags- og byggingamála að ganga frá málinu.
12. Tilnefning varafulltrúa í kjörstjórn Skaftárhrepps.
Gunnar Þorkelsson var varafulltrúi í kjörstjórn en hefur flutt úr sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn tilnefnir Kjartan H. Kjartansson sem varafulltrúa í kjörstjórn.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 97. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla, 23. apríl 2014.
Fundargerðin samþykkt.



Sveitarstjórn þakkar Sigprúði Ingimundardóttur vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

2. 102. fundur skipulags- og bygginganefndar, 8. maí 2014.

Skipulagsmál:

3. Stofnun lóðar – Klausturvegur 7B
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
4. Stofnun lóðar – Klausturvegur 5A
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
5. Stofnun lóðar – Iðjuvellir 1
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
6. Stofnun lóðar – Iðjuvellir 8
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
7. Stofnun lóðar – Kirkjubær 2 Tjaldsvæði
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
8. Stofnun lóðar – Klausturvegur vatnsveita
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
9. Neyðarlínan – rafstrengur Hörðubreiðarháls
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
10. Orustustaðir – Framkvæmdaleyfi
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
11. Vegagerðin – Framkvæmdaleyfi
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
12. Hæðargarður – Aðalskipulagsbreyting
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðin í heild samþykkt.

3. 13. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar, 22. apríl 2014.

Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 7. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 29. apríl 2014. *Kynnt.*
2. Aðalfundargerð Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 29. apríl 2014. *Kynnt.*
3. 156. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 29. apríl 2014. *Kynnt.*
4. 14. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 28. apríl 2014. *Kynnt.*
5. 815. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 10. apríl 2014. *Kynnt.*
6. Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu, 23. apríl 2014. *Kynnt.*



IV. Annað kynningarefni.

1. Kynning á drögum að umhverfisskýrslu kerfisáætlunar Landsnets 2014 - 2023.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 15:55.

Guðmundur Ingi Ingason

Jóhannes Gissurarson.

Þorsteinn M. Kristinsson

Sverrir Gíslason

Bjarki V. Guðnason